



Nr. 21

## REGLUGERÐ

### Um keppnisfyrirkomulag í mfl karla tímabilið 2026-2027.

*Formáli: Stjórn Íshokkisambands Íslands í samvinnu við aðildarfélög sambandsins, hefur ákveðið að U20 ára piltar landslið Íslands muni taka þátt í Íslandsmótinu í íshokki í meistaraflokki karla. Þetta samvinnuverkefni hefur tvíþættan tilgang.*

*1. Undirbúningur fyrir landsliðs verkefni, með því að gefa þeim piltum sem bera uppi U20 og U18 ára landslið Íslands tækifæri til þess að spila saman sem lið áður en landsliðshóparnir fara í sín verkefni 2027.*

*2. Uppfylla kröfur IIHF um lágmarksfjölda liða í mfl karla.*

*Eftirfarandi sérreglur gilda um þátttöku liðsins*

#### 1. gr.

Á keppnistímabilinu 2026-2027 mun U20 landslið karla taka þátt í keppni mfl karla hluta af tímabilinu. Nánar tiltekið tvær fyrstu umferðirnar heima og heiman.

#### 2. gr.

Þjálfarar U20 geta að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum kallað inn leikmenn frá öllum aðildarfélögum ÍHÍ án þess að formleg félagaskipti fari fram. Leikmenn sem leika fyrir hönd U20 eru því áfram leikmenn þess félags sem þeir eru skráðir í og halda öllum sínum réttindum sem slíkir.

#### 3. gr.

2 sólarhringum áður en leikur U20 er boðaður skal þjálfari mótherja hverju sinni, skila inn í tölvupósti til ÍHÍ og þjálfara U20 hópsins, með sínum nafnalista, allt að 20 leikmenn og 2 markmenn (20+2) samtals 22 leikmenn. Leikmenn félagsins sem ekki eru á 22 manna nafnalista, en eru á réttu aldursbili, eru gjaldgengir með U20 liðinu gegn sínu eigin félagsliði. Skili þjálfari mótherja U20 liðsins ekki inn lista 48 klst fyrir leik, gildir síðasti listi sem sendur var inn.

#### 4. gr.

Þátttaka U20 byggir á 9. grein, reglugerðar númer 13 um lið án heimavallar.

#### 5. gr.

Þjálfarar U20 geta kallað inn í lið sitt, markverði sem eru yngri en 25 frá aðildarfélögum. Þó eru aðal markmenn aðildarfélaga undanskildir jafnvel þó þeir falli undir aldursskilgreiningu þessa.



#### **6. gr.**

Til þess að tryggja að ekki verði of mikill getumunur á U20 og meistaraflokks liðum aðildarfélaganna. Hafa þjálfarar U20 möguleika á því að styrkja liðið með 3 leikmönnum yngri en 23 ára frá aðildarfélagi sem ekki er að leika. Slíkt skal tilkynnt með a.m.k. 24 klukkutíma fyrirvara bæði til skrifstofu ÍHÍ og til þjálfara mótherja í tölvupósti.

#### **7. gr.**

Reglugerð þessi fellur sjálfkrafa úr gildi þegar tímabilinu 2026-2027 lýkur. Þá verður staðan endurmetin í samráði við aðildarfélög ÍHÍ.

Staðfest og samþykkt af stjórn ÍHÍ á stjórnarfundum 25. ágúst 2026